KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR OHF.

KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR 1

AÐDRAGANDI.....2

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR 4

SAGA FRÍHAFNARINNAR 5

BROTTFÖR VARNARLIÐSINS 6

OPINBERT HLUTAFÉLAG.....7

FRAMTÍÐARHORFUR.....8

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA 10

FJÁRMÁLASVIÐ 13

FLUGVALLARSVIÐ.....16

FLUGLEIÐSÖGUSVIÐ.....19

FLUGVERNDARSVIÐ 20

REKSTRARSVIÐ 21

VIÐSKIPTASVIÐ 22

FRÍHÖFNIN 24

INNGANGUR

Keflavíkurflugvöllur ohf. tók við rekstri Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar 1. janúar 2009 en félagið var stofnað með lagaheimild 26. júní 2008 til að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvallarins og flugstöðvarinnar. Félagið annast einnig flugleiðsöguþjónustu og þjónustu við flugrekendur, rekstur verslana með tollfrjálsar vörur og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að sé innan haftasvæðis flugverndar auk þess að sjá um hagnýtingu flugvallarins í þágu öryggis- og varnarmála. Utanríkisráðherra er heimilt að beina fyrirmælum til félagsins um hagnýtingu flugvallarsvæðisins í þágu þeirra mála. Þá fer Keflavíkurflugvöllur ohf. með stjórnsýslu byggingarmála (mannvirkjamála) á flugvallarsvæðinu samkvæmt skipulagslögum og heimildir og skyldur sveitarfélags samkvæmt lögum um vatnsveitur, hollustuhætti og mengunarvarnir. Félagið annast einnig gerð deili- og aðalskipulagstillagna og lóðaúthlutun.

Með stofnun Keflavíkurflugvallar ohf. var stefnt að hagræðingu og skilvirkni í rekstri flugvallarins og flugstöðvarinnar og lagður grundvöllur að nýrri starfsemi og þjónustu á sviði flugs og viðskipta. Samgönguráðherra fer með hlut ríkisins í félaginu en forstjóri er Björn Óli Hauksson rekstrarverkfræðingur.

Keflavíkurflugvöllur er miðstöð alþjóðlegs millilandaflugs og búinn fullkomnum tækjum og þjónar öllum flugvélategundum.

Starfsemi félagsins skiptist í sex svið; fjármálasvið, flugvallarsvið, flugleiðsögusvið, flugverndarsvið, viðskiptasvið og rekstrarsvið. Fríhöfnin ehf. er dótturfélag Keflavíkurflugvallar ohf. og sér um rekstur fríhafnarverslana í flugstöðinni. Starfsmenn félaganna eru samtals um 400 og áætluð velta á þessu ári ríflega tíu milljarðar króna.

Stjórn félagsins skipa Jón Gunnarsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigrún Jónsdóttir, Ellert Eiríksson og Pétur J. Eiríksson.

Kristján L. Möller samgönguráðherra ýtti nýja félaginu úr vör við athöfn 2. janúar og sagði m.a.: „Við höfum í höndunum öflugt fyrirtæki. Hér eru hæfir starfsmenn sem hafa í áraraðir sinnt krefjandi verkefnum og veitt góða þjónustu. Því verður haldið áfram og þó að við verðum að þola samdrátt um skeið er ég sannfærður um að aftur birti og að við getum nýtt krafta okkar, tæki og aðstöðuna hér til að þjóna flugi og ferðamönnum um ókomin ár.“

AÐDRAGANDI

Keflavíkurflugvöllur var gerður af Bandaríkjaher í síðari heimsstyrjöld og var vígður 23. mars 1943. Hann var mikilvægur áningarstaður herflugvéla á leið yfir Norður-Atlantshaf í styrjöldinni en komst í eigu Íslendinga árið 1946. Að styrjöldinni lokinni lék flugvöllurinn mikilvægt hlutverk í uppbyggingu almannaflugs milli Evrópu og Ameríku auk flugs Bandaríkjahers vegna hersetu í Evrópu. Bandaríkjastjórn stóð straum af kostnaði við flugvallarreksturinn og réð verktaka til starfans. Flugvélar í þá daga höfðu ekki nægt flugþol til að ná yfir hafið í einum áfanga og millilentu m.a. á Keflavíkurflugvelli. Mikilvægi flugvallarins í alþjóðaflugi minnkaði þó með nýjum flugvélagerðum.

Flugmálastjóri ríkisins fór í fyrstu með málefni Keflavíkurflugvallar og fól fulltrúa sínum að annast flugvallarstjórnina og samskipti við hið erlenda rekstrarfélag flugvallarins. Árið 1947 tók nýtt embætti flugvallastjóra ríkisins við yfirumsjón með flugmálum í landinu og þar með framkvæmd flugvallarsamningsins. Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli annaðist daglegan rekstur á vegum ríkisins á flugvellinum í hans umboði.

Ísland og Bandaríkin gerðu með sér varnarsamning vorið 1951 og hafði bandarískt varnarlið flugbækistöð á Keflavíkurflugvelli til ársins 2006. Bandaríkjastjórn stóð sem fyrr að mestu straum af kostnaði við flugvallareksturinn en Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar annaðist stjórn borgaralegrar flugstarfsemi í samræmi við samþykktir Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Utanríkisráðherra fór með framkvæmd allra mála er vörðuðu varnarliðið og Keflavíkurflugvöll. Uppbygging varnarstöðvarinnar var að mestu við flughlaðið og flugstöðina austan flugvallarins. Snemma komu fram hugmyndir um að reisa nýja flugstöð til að aðskilja borgaralegt flug og hernaðarumsvif. Ekkert varð þó af framkvæmdum fyrr en á öndverðum níunda áratug síðustu aldar.

Á upphafsárum varnarliðsins var sú tilhögun á Keflavíkurflugvelli að hermenn önnuðust stjórn herflugvéla og íslenskir flugumferðarstjórar þeirra borgaralegu. Flugmálastjórn Keflavíkur-flugvallar tók við stjórn allra loftfara á flugvellinum árið 1955 og annaðist aðflugsstjórn fyrir Keflavíkurflugvöll og Reykjavíkurflugvöll frá árinu 1978.

Tvö íslensk flugfélög stunduðu millilandaflug, Loftleiðir hf. flugu til Evrópu og Bandaríkjanna en Flugfélag Íslands hf. einskorðaði starfsemi sína við flug til meginlands Evrópu og Bretlands. Þegar flugvélar þessara félaga stækkuðu og þotuöld hófst fluttu bæði félögin starfsemi sína til Keflavíkur en innanlandsflug var áfram í Reykjavík. Loftleiðir tóku við rekstri flugafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli undir yfirumsjón flugvallarstjóra árið 1962. Tveimur árum síðar flutti félagið flugstarfsemi sína frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar og tók þá einnig við rekstri flugvallarhótelsins. Var hótelrekstrinum hætt nokkrum árum síðar er hótelrými í Reykjavík hafði verið aukið en Loftleiðir og síðar Flugleiðir hf. önnuðust veitingarekstur í flugstöðinni.

Flugfélögin tvö sameinuðust í Flugleiðir hf. árið 1973. Flutningur íslenska millilandaflugsins markaði kaflaskil í starfsemi Keflavíkurflugvallar og jók umferð um flugvöllinn umtalsvert. Árið 1958 fóru tæplega 44 þúsund farþega og rúmlega 1.200 lestir af vörum um flugvöllinn en árið 2007 voru farþegar 2,2 milljónir og vöruflutningar um 60.000 lestir.

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Flugstöð Leifs Eiríkssonar (FLE) var tekin í notkun í apríl 1987 til aðskilnaðar almannaflugs og starfsemi varnarliðsins. Bandaríkjamenn og Íslendingar skiptu með sér kostnaði við verkið og greiddi Bandaríkjastjórn um 2/3 heildarkostnaðar. Rekstur flugstöðvarinnar var á hendi Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar til ársins 1998 er ríkisstofnunin Flugstöð Leifs Eiríkssonar var sett á fót til að annast flugstöðvarreksturinn. Ráðgefandi stjórn flugstöðvarinnar, sem skipuð var í ágúst 1999 til að vinna að tillögum um framtíðartilhögun á rekstrinum, lagði til grundvallarbreytingar. Í kjölfarið voru ríkisstofnanirnar Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli og Flugstöð Leifs Eiríkssonar sameinaðar í eitt hlutafélag í eigu ríkisins. Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. var stofnað með lögum frá Alþingi í maí 2000 og tók við öllum rekstri flugstöðvarinnar, fasteignum og skuldbindingum 1. október sama ár. Félagið var gert að opinberu hlutafélagi árið 2007.

Flugstöðin stækkaði um 16.000 fermetra þegar suðurbygging hennar var tekin í notkun 25. mars 2001, sama dag og Schengen vegabréfasamstarf Evrópulanda gekk í gildi. Árið 2003 var ráðist í stækkun innritunar- og komusalar, skrifstofurými innréttað á 3. hæð, vöruhús reist undir tollfrjálsan varning og úrbætur gerðar á bílastæðum og tæknibúnaði. Framkvæmdir við stækkun og breytingar í norðurbyggingu flugstöðvarinnar hófust í október 2005 og lauk vorið 2008. Umbylting varð í skipulagi á jarðhæð og annarri hæð flugstöðvarinnar. Var önnur hæð öll tekin undir verslanir og þjónustu við farþega. Samanlagður gólfflötur var þá um 56.000 fermetrar. Norðurbyggingin, sem upphaflega var um 22.000 fermetrar, hafði þá verið stækkuð í 39.000

fermetrar sem jafngildir allri suðurbyggingu flugstöðvarinnar. Sumarið 2008 voru frekari framkvæmdir við endurbætur á tollleitarsvæði og nokkur smærri verk stöðvaðar vegna óvissu í efnahagsmálum.

SAGA FRÍHAFNARINNAR

Mikil aukning varð á farþegaflugi um Keflavíkurflugvöll á árunum 1951-1957, einkum þó árið 1956. Þann 23.maí 1958 samþykkti Alþingi lög sem heimiluðu ríkisstjórninni að selja tollfrjálsar vörur á borð við áfengi og tóbak til farþega í framhaldsflugi á Keflavíkurflugvelli til öflunar gjaldeyristekna. Fríhafnarverslun var opnuð í gömlu flugstöðinni 15. október sama ár. Í ársbyrjun 1970 samþykkti Alþingi breytingu á lögum sem heimilaði uppsetningu fríhafnarverslunar fyrir komufarþega sem tók til starfa í maí sama ár. Umsvif voru mjög lítil í fyrstu en hafa vaxið gríðarlega í takt við auknar utanlandsferðir landsmanna.

Tímamót urðu í starfsemi Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli er Flugstöð Leifs Eiríkssonar var tekin í notkun árið 1987. Glæsileg umgjörð var sköpuð um stórbætta þjónustu og aukið vöruval. Ekki stóð á viðtökunum því sala í Fríhöfninni jókst um meira en helming á einu ári.

Fríhöfnin hefur frá upphafi verið í eigu ríkisins en ýmsir þjónustuþættir hafa færst yfir á hendur einkaaðila. Á árinu 1998 fjölgaði verslunum á brottfararsvæðinu þegar ný rými voru tekin í notkun. Fram að þeim tíma voru reknar tvær verslanir, hefðbundin fríhöfn og verslun með íslenskar vörur. Við bættust verslanir með kvenfatnað, íþróttavörur, herrafatnað, gleraugu, úr og skartgripi, og gjafavöru. Auk þess var þjónusta á sviði gjaldeyrisviðskipta aukin, meiriháttar breytingar voru gerðar á veitingaþjónustu og umsvif hennar aukin.

Tvær nýjar fríhafnarverslanir voru opnaðar í Suðurbyggingu flugstöðvarinnar sumarið 2002 fyrir farþega frá löndum utan Schengen-svæðisins. Skiptifarþegar geta nú farið beint úr flugvél sinni í verslanir þar sem áhersla er lögð á áfengi, tóbak, snyrtivörur og sælgæti.

Rekstur Fríhafnarinnar var sameinaður flugstöðvarrekstrinum við stofnun hlutafélagsins Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. árið 2000 en í upphafi árs 2005 var stofnað dótturfélagið Fríhöfnin ehf. um verslunarrekstur FLE. Fríhöfnin var aðskilin rekstri móðurfélagsins en keypti þjónustu af stoðsviðum FLE samkvæmt samningi og hélst sú skipan við stofnun Keflavíkurflugvallar ohf.

BROTTFÖR VARNARLIÐSINS

Starfsemi varnarliðsins var hætt árið 2006. Enda þótt Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar hafi haft umsjón með borgaralegu flugi og annast ýmsa þjónustu frá upphafi var þáttur varnarliðsins í flugvallarrekstrinum umfangsmikill og fól í sér mikla fjármuni, tæki og búnað auk fjölda sérhæfðra starfsmanna. Til að tryggja starfshæfni flugvallarins var Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar falinn allur rekstur hans með lagasetningu árið 2006 sem kvað m.a. á um fjármögnun og færslu á flugvallarstarfsmönnum varnarliðsins til Flugmálastjórnarinnar. Fór starfsmannafjöldi stofnunarinnar þá úr 60 í 210.

Ábyrgð á málefnum Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar og rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. fluttist frá utanríkisráðuneyti til samgönguráðuneytis í ársbyrjun 2008 í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að öll flugstarfsemi skuli tilheyra því ráðuneyti. Nefnd sem

skipuð var til að kanna framtíðarrekstur Keflavíkurflugvallar komst að þeirri niðurstöðu að best væri að hafa stjórn og rekstur flugvallar og flugstöðvar á einni hendi svo að tryggja mætti skilvirkni og samhæfða heildarþróun flugvallarins. Jafnframt var þess vænst að með nýju rekstrarumhverfi á gamla varnarsvæðinu mætti skapa samstarfsvettvang ríkis og sveitarfélaga um þróun og atvinnuuppbyggingu á flugvallarsvæðinu.

OPINBERT HLUTAFÉLAG

Lög um heimild til stofnunar opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar voru samþykkt á Alþingi 30. mars 2008. Samgönguráðherra er með lögunum heimilt að gera samninga við félagið um uppbyggingu og rekstur flugvallarsvæðisins og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til að tryggja að þjónusta sé í samræmi við markmið stjórnvalda. Einnig er heimilt að fela félaginu að fara með réttindi íslenska ríkisins og annast skuldbindingar þess samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum og samningum við önnur ríki að því er snertir tilgang félagsins.

Utanríkisráðherra er heimilt að gera samninga við félagið um not þess af öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og mannvirkjum sem það hefur umsjón með. Félaginu er heimilt að standa að stofnun annarra félaga og fyrirtækja og gerast eignaraðili að félögum og fyrirtækjum. Þannig er félaginu heimilt að taka þátt í félagi sem ætlað væri að annast atvinnuuppbyggingu á nærsvæði flugvallarins.

Samgönguráðherra skipar sex manna skipulagsnefnd fyrir Keflavíkurflugvöll. Eru þrír nefndarmanna tilnefndir af nágrannasveitarfélögunum Garði, Reykjanesbæ og Sandgerði, einn af umhverfisráðherra en tveir eru án tilnefningar og gegnir annar þeirra formennsku í nefndinni.

FRAMTÍÐARHORFUR

Umferð um Keflavíkurflugvöll hefur farið stöðugt vaxandi og tvöfaldaðist tala farþega á síðasta áratug. Árið 2007 var metár er 13.500 flugvélar í almennu millilandaflugi fluttu tæplega 2,2 milljónir farþega um flugvöllinn. Skráðar hreyfingar loftfara voru alls 49.000 á árinu. Flugvöllurinn er opinn allan sólarhringinn alla daga ársins og á háannatíma eru þar yfir 1.000 manns að störfum.

Brottfararfarþegar 2008



Heimild: Ferðamálastofa

Erlendir brottfararfarþegar 2008 eftir markaðssvæðum



Heimild: Ferðamálastofa

Erlend sérfræðifyrirtæki hafa gert spár um mikla aukningu farþega fram til ársins 2025. Í ljósi breyttra aðstæðna í efnahagsmálum og samdráttar í farþegafjölda síðastliðna mánuði eru þær spár sem gefnar hafa verið út til endurskoðunar hjá félaginu en áætlanir benda til um 20% samdráttar í sumarumferð á þessu ári og að heildarfarþegafjöldi verði sambærilegur við það sem hann var árið 2004.

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á flugstöðinni undanfarin ár til þess að mæta síaukinni umferð. Flugstöðin stækkaði um 16.000 fermetra þegar suðurbygging hennar var tekin í notkun árið 2001 og um annað eins við stækkun norðurbyggingar á árunum 2003 – 2008. Rekstraraðilum fjölgaði umtalsvert í kjölfarið enda hefur verslunar- og þjónusturými ríflega tvöfaldast.

Flestir flugvellir í Evrópu búa við takmarkanir vegna ört vaxandi þéttbýlis. Keflavíkurflugvöllur liggur á mörkum tveggja heimsálfa og er með eitt stærsta landsvæði til uppbyggingar við alþjóðaflugvöll sem þekkist í Evrópu, sterka innviði í flugbrautum, flugvélaakstursbrautum og flughlöðum, nútímalega flugstöð og vel þjálfað starfsfólk. Flugvöllurinn getur annað allt að 3,5 milljón farþega á ári með núverandi aðstöðu.

Helstu stærðir:

- Flugvallarsvæðið nær yfir um 25 ferkílómetra lands
- Tvær flugbrautir
  - 02/20, 3054x60m
  - 11/29, 3065x60m
- Um 50.000 hreyfingar flugfara á ári (movements)
  - Þar af um 5.000 vegna gegnumflugs
  - Aðrar hreyfingar eru áætlunar- og leiguflug
- Flugvélastæði við Flugstöð Leifs Eiríkssonar
  - 14, þar af 3 án tengingar við landgöngubrú
  - Fraktflughlað fyrir allt að 4 vélar
- Flugvélastæði á Háaleitisflughlaði
  - 38 flugvélastæði
- Flugstöð getur annað 3,5 milljónum farþega á ári miðað við núverandi aðstöðu

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Forstjóri

Forstjóri félagsins er fyrirsvarsmaður og ábyrgðarmaður flugvallarins í samræmi við reglugerð um flugvelli nr. 464 frá 21. mars 2007 og starfar sem sérstakur trúnaðarmaður Flugmálastjórnar Íslands. Honum ber að tryggja, að rekstur flugvallarins sé í samræmi við lög og reglur og þjóðréttarlegar og alþjóðlegar skuldbindingar varðandi flugvelli og að sjá til þess að nægjanlegt fé, þekking og búnaður sé fyrir hendi til að bæta úr þeim frávikum sem upp kunna að koma.

Skrifstofa forstjóra

Skrifstofa forstjóra er til aðstoðar forstjóra og stjórn félagsins og hefur með höndum samskipti við opinbera aðila, umsjón með nefndum og ráðum, undirbúning stjórnarfunda og ritun fundargerða ásamt sérverkefnum sem snerta félagið í heild. Þá annast hún fjölmiðla- og almannatengsl og umsjón með öryggis- og varnarskuldbindingum félagsins.

Skipurit Keflavíkurflugvallar ohf.



Öryggis- og gæðadeild

Öryggis- og gæðastjóri er fyrirsvarsmaður og gæðastjóri flugvallarins í samræmi við reglugerð samgönguráðuneytisins um flugvelli nr. 464 frá 21. mars 2007 að fengnu mati á kunnáttu og hæfni og samþykki Flugmálastjórnar Íslands og öryggisstjóri flugleiðsöguþjónustu samkvæmt reglugerð um starfsleyfi. Hann hefur umsjón með að öryggis- og gæðastjórnunarkerfi KEF sé hannað, uppsett og haldið við og starfar sem sérstakur trúnaðarmaður Flugmálastjórnar Íslands. Honum ber að tryggja, að öryggisstjórnunarkerfi (SMS) sé í samræmi við landslög, þjóðréttarlegar skuldbindingar og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar er varða flugvelli svo og umfang rekstursins. Ennfremur skal hann gerir hann innri úttektir á rekstrinum og fylgir eftir frávikum sem fram koma í innri og ytri úttektum.

Skipulagsdeild

Skipulagsdeild hefur umsjón með stefnumótun í skipulagsmálum, gerð skipulagsáætlana og vinnslu skipulagstillagna til afgreiðslu í Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar og samsvarar að því leyti bæjarstjórn í venjulegu sveitarfélagi. Ráðgjafarhópur félagsins um skipulagsmál starfar eins og skipulagsnefndir sveitarfélaga, að teknu tilliti til verksviðs skipulagsnefndar skv. reglugerð nr. 1086/2008.

- Skipulags- og byggingarfulltrúi
- Umsýsla framkvæmda eftir atvikum

Skipulagsmál Keflavíkurflugvallar

Skipulags,- byggingar- og umhverfisnefnd varnarsvæða annaðist gerð aðalskipulags fyrir Keflavíkurflugvöll til ársins 2008. Nefndin tók þátt í gerð svæðisskipulags með Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði og gerði mörg deiliskipulög, t.d. á flugstöðvarsvæðinu. Með lögum um Keflavíkurflugvöll ohf. var félaginu falið sveitarstjórnarvald á sviði skipulags-, mannvirkja og veitumála og skipar samgönguráðherra sex manna skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. Í nefndinni eiga sæti þrír fulltrúar sveitarfélaganna Garðs, Reykjanesbæjar og Sandgerðis, einn sem tilnefndur er af umhverfisráðherra og tveir skipaðir af samgönguráðherra.

Keflavíkurflugvöllur ohf. kostar og annast gerð aðal- og deiliskipulags fyrir flugvallarsvæðið.

Skipulagsnefndin afgreiðir tilbúnar skipulagstillögur eftir lögboðnu ferli auglýsinga og samþykkta opinberra aðila. Hún er sérstök að því leyti að hún er æðsta vald á sveitarstjórnarstigi í skipulagsmálum og samsvarar bæjarstjórn en Keflavíkurflugvöllur ohf. samsvarar skipulagsnefnd sveitarfélags.

Ráðgjafarhópur félagsins um framkvæmd skipulagsmála annast gagnaöflun, undirbúning og vinnslu skipulagstillagna í samræmi við stefnumótun stjórnar og í nánu samstarfi við forstjóra. Ráðgjafarhópinn skipa:

- Framkvæmdastjóri flugvallarsviðs
- Framkvæmdastjóri flugverndarsviðs
- Verkefnisstjóri á skrifstofu forstjóra
- Fulltrúi stjórnar
- Skipulagsfulltrúi er starfsmaður ráðgjafarhópsins.

FJÁRMÁLASVIÐ

Fjármálasvið hefur yfirumsjón og eftirlit með reikningshaldi og fjárreiðum félagsins, starfsmannamálum, skrifstofuhaldi, rekstri upplýsingakerfa og innra eftirliti. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs er staðgengill forstjóra. Hlutverk fjármálasviðs er að byggja upp sérþekkingu á fjármálum og rekstri og veita stjórnendum og einstökum ábyrgðarsviðum þjónustu sem eykur hagkvæmni í rekstri þeirra. Á fjármálasviði eru 21 starfsmaður í 19,5 stöðugildum. Sviðið hefur verið sett upp í 3 deildir þ.e. fjármálaþjónusta, starfsmannaþjónusta og skrifstofuhald.

Fjármálastjórnun

Fjármálastjórnun hefur umsjón og eftirlit með bókhaldi og fjárreiðum félagsins, ásamt því að sjá um fjárhagslega upplýsingavinnslu og ráðgjöf innan félagsins. Reikningahald í nýju fjárhagskerfi er í samræmi við skipurit félagsins. Sett hefur verið upp rafrænt samþykktarkerfi, lánakerfi og eignakerfi og unnið er að uppsetningu á verkbókhaldi vegna innri viðskipta. Gert er ráð fyrir mánaðarlegu uppgjöri vegna einstakra deilda sem kynnt verður stjórn félagsins. Unnið hefur verið að gerð rekstraráætlunar félagsins fyrir árið 2009 ásamt 10 ára áætlun. Mikil óvissa er um tekjur félagsins til framtíðar og mun árið 2009 fara í að tryggja tekjugrunn til framtíðar og leysa fjárþörf sem félagið stendur frammi fyrir. Fjármálaþjónustan annast allt bókhald og fjárreiður dótturfélagsins, Fríhafnarinnar ehf. Það á einnig við um starfsmannaþjónustu og skrifstofuhald.

Stofnefnahagur

Eigið fé Keflavíkurflugvallar ohf. er 6.382 milljónir króna samkvæmt ákvörðun framhaldsstofnfundar félagsins sem haldinn var föstudaginn 24. apríl 2009. Skuldir eru samtals 22,5 milljarðar og skuldir og eigið fé samtals 28,9 milljarðar króna. Ríkisendurskoðun hefur tekið saman sérfræðiskýrslu vegna stofnefnahagsreiknings og kemur þar fram að eigið fé félagsins svari til þeirra verðmæta sem ríkissjóður leggur því til. Eigið fé er annarsvegar hlutafé að upphæð fjórir milljarðar króna og hins vegar lögbundinn varasjóður sem er tæpir 2,4 milljarðar króna.

Helstu eignir sem félaginu eru lagðar til eru fasteignir og búnaður Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf. og Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar, ýmsar fasteignir í eigu ríkisins ásamt afnotarétti flugbrauta og fasteigna sem voru í umsjá Varnarmálastofnunar.

Skrifstofuhald

Skrifstofuhald felur í sér tölvumál, innkaup, innra eftirlit og móttöku á aðalskrifstofu. Tölvudeild annast m.a. innkaup á búnaði, uppsetningu og öryggismál upplýsingakerfis félagsins ásamt notendaþjónustu. Starfsmenn sjá einnig um þróun upplýsingakerfa, þarfagreiningu, ráðgjöf, hugbúnaðargerð, verkefnastjórn og umsjón með verktökum sem tengjast upplýsingaveitum.

Innkaup félagsins eru samkvæmt innkaupareglum. Starfsmaður fjármálasviðs aðstoðar framkvæmdastjóra við innkaup og gerð útboða svo hámarkshagkvæmni verði náð. Öll innkaup á rekstrarvörum til skrifstofuhalds eru gerð af fjármálasviði.

Starfsmannaþjónusta

Starfsmenn Keflavíkurflugvallar og dótturfélags eru samtals um 400. Umsvif eru mjög fjölbreytileg og menntunar- og hæfniskröfur starfsmanna því margvíslegar. Miklar kröfur eru gerðar til starfsmanna um að tryggja öryggi viðskiptavina. Rík áhersla er á að starfsmannaþjónusta sé í góðum tengslum við starfsmenn og stjórnendur og að framkvæmdastjórar fái viðeigandi ráðgjöf. Unnið er að gerð starfsmannastefnu, vinnu- og

siðareglna auk greiningar á fræðsluþörf og þjálfun. Mannaflaspár, áætlunargerð, starfslýsingar,

og ráðningar eru gerðar í samvinnu við framkvæmdastjóra hvers sviðs.

Áætlað er að öll umsýsla með starfsmannamálum félagsins færist til starfsmannaþjónustu þannig að starfslýsing, upplýsingar um menntun, réttindi, skyldur, vinnuaðstæður, laun og starfsþróun viðkomandi starfsmanns séu á einum stað. Stjórnendur félagsins leggja áherslu á skapa eftirsóknarverðan vinnustað svo halda megi því góða starfsfólki sem vinnur í dag hjá félaginu og laða að hæft og duglegt starfsfólk til framtíðar.

FLUGVALLARSVIÐ

Flugvallarsvið annast flugvallarrekstur í samræmi við lög um loftferðir og ICAO-viðauka nr. 14. Framkvæmdastjóri flugvallarsviðsins er rekstrarstjóri flugvallarins. Í samræmi við reglugerð Samgönguráðuneytisins um flugvelli nr. 464 frá 21. mars 2007 er hann fyrirsvarsmaður og rekstrarstjóri flugvallarins að fengnu mati á kunnáttu og hæfni og samþykki Flugmálastjórnar Íslands og starfar sem sérstakur trúnaðarmaður Flugmálastjórnar Íslands. Honum ber að tryggja, að daglegur rekstur flugvallarins sé í samræmi við rekstrarhandbók flugvallarins, lög, reglur og þjóðréttarlegar og alþjóðlegar skuldbindingar varðandi flugvelli. Starfsmenn flugvallarsviðs eru 104 talsins.

Flugvallarþjónusta

Annast snjóhreinsun og hálkuvarnir flugvallar, yfirborðsviðhald, svo sem malbiksviðgerðir og merkingar, viðhald flugvélastæða og -akstursbrauta og fuglafælingu.

Vélaverkstæði

Annast viðhald, viðgerðir og eftirlit með öllum vélknúnum tækjum nema tækjum slökkviliðs. Um 60 tæki eru í umsjá hjá vélaverkstæði.

Slökkvilið

Annast björgunar- og slökkvistörf í flugvélum, slökkvistörf í byggingum á flugvallarsvæði og eldvarnareftirlit auk viðbragðsþjónustu samkvæmt neyðaráætlunum (slysa-, flugverndar- og almannavarna).

Hlaðstjórn og stæðisúthlutun

Hefur með höndum almenna stjórn og samhæfingu starfsaðila á flughlaði, stæðisúthlutun samkvæmt reglugerð Evrópuráðsins EEC 95/93 með breytingu EC 793/2004 um úthlutun afgreiðslutíma á alsamræmdum flugvöllum (Level 3), stuðning við slökkvilið, hreinsun flugbrauta og flughlaða í samstarfi við flugumferðastjórn og vöktun eftirlitskerfa.

Radíóverkstæði

Annast rekstur og viðhald talstöðvanets, eftirlitskerfis með yfirborði flugbrauta og akstursbrauta, brunaviðvörunarkerfa og annarra rafeindakerfa ásamt viðhaldi ljósleiðara- og símalagna auk eftirlits með símanúmerum, símstöð, símtækjum og farsímum.

Flugvallarljós

Annast viðhald á ljósabúnaði flugvallarins, sem eru rúmlega fjögur þúsund ljós, leiðarskilta og ljósvita og rekstur varaaflstöðva.

Mengunarvarna- og eldsneytiskerfi

Annast hreinsun spilliefna og umhverfisvernd. Hefur umsjón með eldsneytisskiljum í fráveitukerfi flugvallar, eftirlit með tveimur eldsneytisbirgðastöðvum og lagnakerfi og úrgangsolíustöð.

Gagnavarsla

Annast rekstur landupplýsingakerfis Keflavíkurflugvallar og gagnasafns, veitir teikni- og afritunarþjónustu og annast ljósmyndun og uppfærsla flugvallarupplýsinga og samskipti AIS skrifstofu Flugstoða ohf. vegna útgáfu AIP Ísland.

FLUGLEIÐSÖGUSVIÐ

Flugleiðsögusvið hefur með höndum rekstur flugleiðsöguþjónustu. Framkvæmdastjóri sviðsins er ábyrgðarmaður daglegs rekstrar og ber ábyrgð á veitingu flugleiðsöguþjónustu í samræmi við ákvæði reglugerðar um starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu nr. 631 frá 20. júní 2008.

Flugleiðsöguþjónusta Keflavíkurflugvallar samanstendur af flugumferðarþjónustu, fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónustu (ratsjárþjónustu). Einnig sinnir flugleiðsögusvið þjálfun flugumferðarstjóra og tæknimanna. Á flugleiðsögusviði starfa alls um 40 flugumferðarstjórar og tæknimenn.

Flugumferðarþjónusta

Annast stjórnun flugumferðar á Keflavíkurflugvelli og í loftrými sem nær upp í 24.500 feta hæð og um 40 sjómílur umhverfis flugvöllinn. Flugumferðarþjónustan stjórnar einnig flugumferð til og frá Reykjavíkurflugvelli.

Fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónusta (ratsjárþjónusta) og viðhald

Tækniþjónusta flugleiðsögusviðs annast rekstur og viðhald margskonar fjarskipta-, og leiðsögubúnaðar fyrir flugumferð ásamt flugvallarratsjá og veðurathugunarbúnaði.

Þjálfunardeild

Annast kennslu og þjálfun fyrir flugumferðarstjóra og tæknimenn.

FLUGVERNDARSVIÐ

Flugverndarsvið annast flugvernd í samræmi við lög um loftferðir, flugverndaráætlun Íslands, reglugerð um flugvernd nr. 361/2005 og ICAO-viðbæti nr. 17 ásamt Flugverndaráætlun Keflavíkurflugvallar. Starfsmenn hafa náin samskipti við lögreglu, tollgæslu, og rekstraraðila og sjá til þess að starfsfólk á flugvellinum sé vel meðvitað um flugvernd. Framkvæmdastjóri er flugverndarfulltrúi flugvallarins samþykktur af Flugmálastjórn Íslands og sérstakur trúnaðarmaður stofnunarinnar. Starfsmenn eru 97.

Flugsvæði Keflavíkurflugvallar (air side) er skilgreint sem ýtrasta haftasvæði flugverndar. Flugverndarsvið annast eftirlit með svæðinu, skimun, aðgangsstýringu og útgáfu aðgangs-heimilda. Flugverndarsvið hefur einnig umsjón með úttektum, könnunum, skoðunum og prófunum, tilkynnir um frávik og veikleika í flugverndaraðgerðum og gerir tillögur til úrbóta. Tölulegt yfirlit er haldið um afbrot, fundin vopn og ólögleg efni og handtökur við eftirlit með farþegum, pósti, frakt eða birgðum á flugvallarsvæðinu. Einnig sér það til þess að tillit sé tekið til flugverndar við hönnun og breytingu mannvirkja á flugvellinum. Þá ber flugverndarsvið ábyrgð á uppfærslu Flugslysaáætlunar- og Neyðaráætlunar vegna flugverndar fyrir Keflavíkurflugvöll og annast þjálfun flugverndarstarfsfólks. Fjórir starfsmenn hafa hlotið vottun Flugmálastjórnar Íslands til að sinna þjálfun flugverndarstarfsmanna og hafa þeir sinnt því starfi á landsvísu.



REKSTRARSVIÐ

Rekstrarsvið annast eftirlit og viðhald fasteigna og tæknikerfa, nýframkvæmdir og endurbætur, útboðs- og samningagerð vegna verklegra framkvæmda nema á flugbrautum og tengdum svæðum. Byggingar í eign eða umsjá félagsins eru samtals um 97.000 fermetrar að flatarmáli, Þar er stærst flugstöð Leifs Eiríkssonar, alls 54.000 m². Starfsmenn rekstrarsviðs eru 11.

Fasteignadeild

Helstu verkefni fasteignadeildarinnar er að sinna rekstri og eftirliti með fasteignum félagsins. Fasteignadeildin er í nánu samstarfi við viðskiptasvið vegna reksturs á leigurýmum. Einnig sér fasteignadeildin um lóðir við og í nágrenni við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Fasteignadeild kemur að vinnu við útboð framkvæmda við fasteignir félagsins og hefur umsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum hvort sem þau eru á vegum félagsins eða annarra.

Viðhaldsdeild

Viðhaldsdeild sinnir almennu viðhaldi á fasteignum félagsins og smærri verkum sem ekki þykir ástæða til að bjóða út eða eru ekki á verksviði viðhaldsverktaka flugstöðvarinnar. Viðhaldsverktaki flugstöðvarinnar sinnir rafkerfum, vélum og tækjum hússins sem ekki er samið um við þriðja aðila og 1. og 2. stigs viðhaldi einstakra tækja og búnaðar í samráði við framleiðendur eða seljendur.

Þjónustudeild

Þjónustudeild annast þjónustu við farþega í og við flugstöð, aðstoð við fatlaða og hreyfihamlaða farþega ásamt umsjón með bílastæðum. Starfsmenn veita afgreiðsluaðilum farþega aðhald og tryggja að ekki myndist óþarfa biðraðir samkvæmt skilgreindu þjónustustigi og viðauka nr. 9 við ICAO-sáttmálann (Facilitation/Flugvallarvirkt). Þjónustudeildin hefur eftirlit með söfnun farangursvagna í flugstöðinni sem er samvinnuverkefni við Þroskahjálp á Suðurnesjum.

Þá annast þjónustudeild skráningu, skýrslugerð og gæðakerfi vegna aðstoðar við fatlaða og hreyfihamlaða farþega og þjálfun starfsmanna sem sinna þjónustunni.

VIÐSKIPTASVIÐ

Viðskiptasvið annast markaðs- og sölumál félagsins, viðskiptatengsl, greiningu og öflun tekjuleiða ásamt viðskiptaþróun á nærsvæði flugstöðvar og samskipti vegna atvinnuþróunar í tengslum við Keflavíkurflugvöll. Starfsmenn eiga dagleg samskipti við rekstrar- og þjónustuaðila á flugvallarsvæðinu og annast gerð og framkvæmd viðskiptasamninga. Starfsmenn viðskiptasviðs eru 5.

Viðskiptatengsl og samningagerð

Leigð eru út svæði af ýmsum stærðum og gerðum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo sem til opinberra aðila, flugafgreiðslufélaga, flugfélaga, bílaleiga, rekstraraðila bílastæða, rútufyrirtækis og símafyrirtækja. Jafnframt annast viðskiptasvið útleigu á fasteignum á flugvallarsvæðinu. Starfsmenn annast samningagerð og samskipti við leigutaka.

Samstarfsráði rekstraraðila í Flugstöð Leifs Eiríkssonar fer reglulega yfir áætlanir um flugumferð, markaðsherferðir, framkvæmdir í flugstöðinni og önnur sameiginleg hagsmunamál.

Markaðsmál

Í Flugstöð Leifs Eiríkssonar er starfrækt Markaðsráð með fulltrúum rekstraraðila í flugstöðinni og fulltrúa Keflavíkurflugvallar ohf. Markaðsstjóri heldur utan um starfsemi Markaðsráðs sem ákvarðar sameiginlega markaðssetningu verslunar- og þjónustusvæðis flugstöðvarinnar. Markaðsherferðir eru gjarnan í tengslum við páska-, sumar-, haust- og jólaumferð.

Viðskiptasvið annast einnig markaðssetningu Keflavíkurflugvallar gagnvart flugfélögum og flugrekendum. Árlega eru sóttar ráðstefnur flugvalla og flugfélaga til að kynna Keflavíkurflugvöll ásamt aðstöðu og þjónustu sem þar er í boði. Starfsfólk viðskiptasviðs annast einnig markaðssetningu fyrir Fríhöfnina í nánu samstarfi við starfsmenn hennar.

Auglýsingasala og útleiga kynningarsvæða í og við flugstöðina og í verslunum Fríhafnarinnar er umfangsmikil.

Keflavíkurflugvöllur er þátttakandi í alþjóðlegri þjónustukönnun (ASQ) á vegum ACI (Airport Council International). Farþegar á tæplega 130 flugvöllum um allan heim svara spurningum um fjölmarga þjónustuþætti. Gagna er aflað allt árið um kring og niðurstöður birtar ársfjórðungslega. Keflavíkurflugvöllur hefur undanfarin ár náð mjög góðum árangri í þjónustukönnun ACI og var fjórði besti flugvöllur í Evrópu miðað við heildaránægju farþega allt árið 2008 og sá þriðji besti á fyrsta ársfjórðungi 2009.

Viðskiptasvið hefur umsjón með styrktarsamningum félagsins. Samstarf er við Listasafn Reykjanesbæjar sem hófst árið 2006. Samningurinn felur í sér styrk til menningarstarfsemi auk þess sem félagið veitir Listasafni Reykjanesbæjar aðstöðu í flugstöðinni til þess að kynna íslenska listamenn. Félagið hefur einnig gert samning við Íslending ehf. um styrk til uppbyggingar á Víkingaheimum í Reykjanesbæ sem m.a. felur í sér aðstöðu til kynningar á verkefninu í flugstöðinni.

FRÍHÖFNIN

Fríhöfnin, dótturfélag Keflavíkurflugvallar ohf., rekur fjórar verslanir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Brottfararverslun, komuverslun og tvær minni verslanir í suðurbyggingu. Á undanförnum árum hafa komu- og brottfararverslun verið stækkaðar og endurnýjaðar og lauk framkvæmdum síðastliðið vor þegar ný 1500 fermetra glæsileg komuverslun var tekin í notkun. Verslanirnar standast fyllilega alþjóðlegan samanburð og hafa viðtökur viðskiptavina verið afar góðar.

Hjá Fríhöfninni starfa um 94 starfsmenn í um 79 stöðugildum. Starfsemin skiptist í þrjú meginsvið; verslun, lager og innkaup. Starfsmenn lagers og innkaupadeildar vinna á dagvöktum en starfsmenn verslunar ganga vaktir. Mikil samvinna er milli sviða og verklag og verkferlar í stöðugri endurskoðun. Meginvöruflokkar félagsins eru áfengi, tóbak, snyrtivörur og sælgæti. Vöruþekking starfsmanna er mikil og mikil áhersla er lögð á að veita farþegum sem allra besta þjónustu.